

AÐSTÆÐUR FLÓTTAFÓLKS Í GRIKKLANDI

Samantekt Rauða krossins á Íslandi í apríl 2022

Frásagnir hundruða einstaklinga með stöðu flóttamanns á Grikklandi sem óskað hafa verndar á Íslandi ber saman við fjölda heimilda um að aðstæður flóttafólks í Grikklandi séu heilt yfir mjög slæmar. Verði einstaklingar með alþjóðlega vernd í Grikklandi sendir þangað aftur munu þeir vegna stöðu sinnar sem flóttamenn eiga erfitt uppdráttar þar í landi vegna alvarlegrar mismununar m.a. á grundvelli kynþáttar, auk þess sem vænta má að staða þeirra verði verulega síðri en staða almennings í landinu. Af frásögnum að dæma hafa almennt einstaklingar með alþjóðlega vernd í Grikklandi búið við ófullnægjandi og/eða ómannúðlegar aðstæður þar í landi sem ættu að mati Rauða krossins á Íslandi að leiða til þess að málin yrðu tekin til efnismeðferðar hér á landi. Hér að neðan er samantekt Rauða krossins á aðstæðum flóttafólks í Grikklandi og var síðast uppfærð í apríl 2022 á meðan Rauði krossinn sinnti talsmannabjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi.

1 Hagsmunir barna – aðstæður flóttabarna í Grikklandi

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að hafa ávallt það sem barni er fyrir bestu í forgangi þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess, sbr. 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 og 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmála SP) sem var lögfestur hér á landi þann 6. mars 2013 með lögum nr. 19/2013 en þar segir:

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. [Leturbreyting Rauða krossins]

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. barnasáttmálans ber íslenskum yfirvöldum skylda til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum og starfsháttum þjóðaréttar eða landslaga, fái, hvort sem það er í fylgd foreldra eða annarra eða ekki, viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga og kveðið er á um í samningi þessum og öðrum alþjóðlegum löggerningum á sviði mannréttinda- eða mannúðarmála sem ríki þau er um ræðir eiga aðild að. Þessi sjónarmið birtast jafnframt í útlendingalögum nr. 80/2016. Í 2. mgr. 10. gr. útl. segir:

Ákvörðun sem varðar barn skal tekin með hagsmuni þess að leiðarljósi. Barni sem myndað getur eigin skoðanir skal tryggður réttur til að tjá sig í máli sem það varðar og skal tekið tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

Þá segir í 3. mgr. 25. gr. sömu laga:

Varði mál samkvæmt þessum kafla barn skulu hagsmunir þess hafðir að leiðarljósi. Barni sem myndað getur eigin skoðanir skal tryggður réttur til að tjá sig í máli sem það varðar og skal tekið tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska, sbr. 2. mgr. 10. gr. Við ákvörðun sem er háð mati stjórnvalds skal huga að öryggi barns, velferð þess og félagslegum þroska og möguleika þess til að sameinast fjölskyldu sinni. Varði mál fylgdarlaust barn eða annan einstakling í sérstaklega viðkvæmri stöðu skal reynt að tryggja að starfsmaður með viðeigandi sérþekkingu og reynslu vinni að málinu.

Rauði krossinn bendir á að í reglugerð nr. 276/2018 um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 er lögð áhersla á að hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi við mat á því hvort Útlendingastofnun sé skylt að taka mál barns til efnislegrar meðferðar hér á landi á grundvelli 2. mgr. 36. gr. útl. Kærunefnd útlendingamála hefur í úrskurðum sínum áréttað mikilvægi þess að hjá Útlendingastofnun fari fram viðhlítandi mat á hagsmunum barna í samræmi við ákvæði laga um útlendinga og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.¹

Hér má að lokum vitna í almennar athugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 14 en þar segir m.a. um mat á því hvað barni er fyrir bestu:

Assessment of the child's best interests must also include consideration of the child's safety, that is, the right of the child to protection against all forms of physical or mental violence, injury or abuse (art. 19), sexual harassment, peer pressure, bullying, degrading treatment, etc.,¹⁴ as well as protection against sexual, economic and other exploitation, drugs, labour, armed conflict, etc.(arts. 32-39).²

Börn eru líkt og fyrr segir álitin sérstaklega viðkvæmur þjóðfélagshópur og ber þeim af þeirri ástæðu að njóta sérstakrar verndar og umönnunar, bæði skv. alþjóðasamningum og lögum. Sum börn geta verið talin í enn viðkvæmari stöðu en önnur börn, m.a. því *í fyrsta lagi* slæm heilsa umönnunaraðila barnsins getur komið í veg fyrir að umönnunaraðilinn geti séð um barnið og það falli því í hóp þeirra sem eru í enn viðkvæmari stöðu. *Í öðru lagi* getur fátækt haft mikil áhrif á stöðu barns og valdið því að staða þess verði enn viðkvæmari, en fátækt getur leitt til þess að umönnunaraðilar barns geta ekki veitt þeim viðeigandi umönnun og getur valdið því að fjölskyldan brotnar. *Í þriðja lagi* geta menningarlegir þættir valdið því að barn sé í enn viðkvæmari stöðu, þar getur t.d. fallið undir að foreldri hefur litla menntun, foreldri nýtur lítills stuðnings frá fjölskyldu sinni, foreldri og börn eru stimpluð af samfélaginu og verða fyrir mismunun á grundvelli kynþáttar og stöðu sem flóttafólk.³ **Þar sem fleiri en ein breyta á við um flest öll flóttabörn með vernd í Grikklandi eru þau í margfalt verri stöðu en önnur börn og því einstaklingar í sérstaklega viðkvæmri stöðu.**

Þá telur Rauði krossinn rétt að horfa til skýrslu *Theirworld* um þau vandamál sem flóttafólk stendur frammi fyrir í menntakerfi Grikklands. Þar kemur t.a.m. fram að einungis þriðjungur flóttabarna hafi fengið einhverskonar skólavist, sbr. tölur fyrir COVID-19.⁴ Rauði krossinn dregur þá ályktun með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum afleiðingum COVID-19 að þetta hlutfall hafi lækkað fremur en hækkað. Skólum í Grikklandi var lokað vegna COVID-19. Í skýrslunni segir:

Some camps were locked down to prevent the spread of Covid-19, with children unable to leave for school and no alternative education provided. In some cases, local officials prevented children

¹ Sjá m.a. úrskurður kærunefndar útlendingamála nr. 143/2018 frá 20. mars 2018.

² Almennar athugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 14, 29. maí 2013:

https://www2.ohchr.org/english/bodies/crc/docs/gc/crc_c_gc_14_eng.pdf [skoðað 24. maí 2022].

³ SOS Children's Villages: Child at Risk. *The most vulnerable children: Who they are and why they are at risk*, nóvember 2016: <https://www.sos-childrensvillages.org/getmedia/dcdbf23b-76ee-4c03-95a8-474a77f39024/Child-at-Risk-Report-2016-ECOM-FINAL.pdf>, bls. 3-5. [skoðað 24. maí 2022].

⁴ Theirworld: *Finding solutions to Greece's refugee education crisis*, apríl 2020:

<https://reliefweb.int/sites/reliefweb.int/files/resources/RefugeeEducation-Report-240420-2.pdf>, bls. 10 [skoðað 24. maí 2022].

from enrolling in public schools in nearby communities. **There were persistent delays in opening classes for children who do not speak Greek.**⁵ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Samkvæmt skýrslu Human Rights Watch sem kom út í janúar 2021 var staðan fyrir COVID-19 faraldurinn eftirfarandi:

Before the pandemic, an estimated one in five students attending the poorest quartile of Greek schools did not have access to a computer they could use for schoolwork, while one in ten did not have access to the internet, according to an analysis by the United Nations Education, Scientific and Cultural Organization (UNESCO).⁶

Ljóst er að börn á flóttta hafa ekki aðgengi að þeirri menntun sem grísk lög kveða á um. Í því samhengi vill Rauði krossinn benda á skýrslu *Passerell* frá nóvember 2020 en í umfjöllun hennar um aðgengi flóttafólks að menntunarstofnunum er þungamiðja umfjöllunarinnar afar skýr um að réttindi sem flóttafólki er lofað bjóðast einungis í orði, ekki á borði. Þar er m.a. greint frá aðskilnaði flóttabarna frá öðrum börnum, að nýlegar lagabreytingar hafi ekki reynst skilvirkar og að fjöldi menningarlegra hindrana mæti flóttabörnum í skólakerfinu.⁷

Í mars 2021 sendu fjöldi hagsmunasamtaka frá sér opið bréf þar sem þau lýstu yfir áhyggjum sínum á takmörkuðu aðgengi flóttabarna að menntun í Grikklandi. Samkvæmt samtökunum sæta flóttabörn mikilli mismunun hvað varðar aðgengi að menntun og skoruðu á yfirvöld að grípa til ráðstafana og tryggja réttindi barnanna.⁸ Þann 13. apríl 2021 kom út skýrsla RSA þar sem staðfest er að börn á flóttta hafa ekki sama aðgengi að menntun og grísk börn.⁹

Með vísan til þeirra áreiðanlegu heimilda sem raktar eru hér að framan er ljóst að flóttafólk mætir miklum aðgangshindrunum í Grikklandi, einnig barnafjölskyldur.

Í því samhengi telur Rauði krossinn rétt að vísa til úrskurðar kærunefndar útlendingamála frá 25. mars 2020 er varðaði barnafjölskyldu sem áður hafði hlotið vernd í Grikklandi.¹⁰ Í úrskurðinum er fjallað um hindranir sem flóttafólk mætir í Grikklandi:

Aðstæður einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hafa þegar verið raktar. Eins og þar kemur fram hafa einstaklingar sem hlotið hafa alþjóðlega vernd að mestu sambærileg réttindi að lögum og grískir ríkisborgarar. **Aftur á móti liggur fyrir að ýmsar hindranir eru á því að þeir geti sótt þessi réttindi.** [Leturbreytingar Rauða krossins]

Með úrskurði sínum felldi kærunefnd útlendingamála úr gildi ákvörðun Útlendingastofnunar um að synja umsækjendum um efnismeðferð umsókna um vernd og vísa umsækjendum aftur til Grikklands

⁵ Human Rights Watch: *Greece – Events of 2021*: <https://www.hrw.org/world-report/2022/country-chapters/greece> [skoðað 24. maí 2022].

⁶ Human Rights Watch: *Greece – Events of 2020*: <https://www.hrw.org/world-report/2021/country-chapters/greece> [skoðað 24. maí 2022].

⁷ Passerell: *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 28-29.

⁸ RSA: Open letter: “All children have the right to go to school. Do not take that away from them”, 10. mars 2021: <https://rsaegan.org/en/open-letter-all-children-have-the-right-to-go-to-school-do-not-take-that-away-from-them/> [skoðað 24. maí 2022].

⁹ RSA: Excluded and Segregated. The Vanishing Education of Refugee Children in Greece, 13. apríl 2021: <https://rsaegan.org/en/excluded-and-segregated-the-vanishing-education-of-refugee-children-in-greece/> [skoðað 24. maí 2022].

¹⁰ Úrskurður kærunefndar útlendingamála nr. 95/2020 í stjórnáskilumáli nr. KNU19110022.

á grundvelli a-liðar 1. mgr. 36. gr. útl. Gerði kærunefndin Útlendingastofnun að taka umsóknina til efnismeðferðar með vísan til sérstakra ástæðna skv. 2. mgr. 36. gr. útl., með eftirfarandi orðum:

Kærendur eru hjón með tvö ung börn á sínu framfæri. Í ljósi framangreindra aðgangshindrana að grunnþjónustu og lagalegum réttindum í Grikklandi og þeirrar stöðu sem ríkir nú þar í landi vegna átaka við landamærin og þeirrar fordæmalausu stöðu vegna Covid-19 faraldursins sem nú er uppi, sem að mati kærunefndar gæti leitt til enn frekari aðgangshindrana að heilbrigðisþjónustu og annarri þjónustu fyrir flóttamenn, að ástæða sé til að ætla að foreldrar með börn á framfæri sínu séu í verri aðstöðu en áður til að sækja sér réttindi sín, framfleyta fjölskyldunni og verða sér úti um húsnæði, og þar með tryggja grunnþarfir þeirra. Í ljósi alls þess sem að framan er rakið er það mat kærunefndar, sérstaklega m.t.t núverandi aðstæðna í Grikklandi og framangreindra aðgangshindrana, að það sé ekki í samræmi við öryggi A og B, velferð þeirra og þroska að fara aftur til Grikklands þar sem óvissa sé með tryggja framfærslu barnanna, húsnæði, heilbrigðisþjónustu og aðgang þeirra að grunnþjónustu. [Leturbreytingar Rauða krossins]

Að mati Rauða krossins er ljóst að aðstæður í Grikklandi hafa ekki breyst til batnaðar frá því að nefndur úrskurður féll, hvorki varðandi stöðu flóttafjölskyldna í Grikklandi né varðandi áhrif COVID-19, sem hrundið gæti fordæmisgefandi gildi hans.

Að senda barnafjölskyldur til Grikklands þar sem móttökukerfi útflendingayfirvalda er undir verulegu álagi, fjölskyldum stendur ekki félagsleg aðstoð til boða, þ.e. ekki fjárhagsleg aðstoð, barnabætur, húsnæði eða félagslegur stuðningur og takmarkanir eru á aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu og menntun er börnum augljóslega ekki fyrir bestu. Endursending flóttabarna til Grikklands, þar sem þau munu þurfa að hafast við á götunni, þjónar að mati Rauða krossins augljóslega ekki hagsmunum þeirra, því þar bíður þeirra ekkert annað en öryggisleysi og óvissa og heilsu þeirra og velferð er stefnt í mikla hættu. Umhverfi barna, aðstæður og upplifanir í gegnum lífið er eitthvað sem mótast einstaklinga og hefur áhrif á þau til æviloka.

Athygli er vakin á skýrslu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem kom út í maí 2021¹¹ og fjallar um það mat sem stjórnvöldum ber að fara eftir í málsmeðferð sinni á flóttabörnum með það fyrir stafni að það sem barninu sé fyrir bestu sé haft í fyrirrúmi. **Í téðri skýrslu kemur fram að hagsmunum barns sé yfirleitt best borgið þegar eining fjölskyldunnar er tryggð. Slík sjónarmið komi hins vegar aðeins til skoðunar þegar gætt hefur verið að sjónarmiðum er varða öryggi barnsins.**¹²

Að lokum telur Rauði krossinn vert að fjalla um úrskurð kærunefndar útflendingamála í máli nr. 273/2021 þar sem nefndin staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar um að senda fjölskyldu sem hlotið hafði alþjóðlega vernd í Grikklandi aftur til Grikklands. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að flutningur fjölskyldunnar til Grikklands samrýmdist hagsmunum barnanna þegar litið er m.a. til öryggis þeirra, velferðar og félagslegs þroska, sbr. 3. mgr. 25. gr. útl. Því hafi verið rétt að synja því að taka mál þeirra til efnismeðferðar enda sé það ekki andstætt réttindum barnanna að umsóknir þeirra verði ekki teknar til efnismeðferðar hér á landi.¹³ Eins og fram kemur hér að neðan telur Rauði krossinn túlkun kærunefndar á bestu hagsmunum barnsins ranga og ekki í samræmi við markmið og tilgang Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið lögfestur á Íslandi.

¹¹ UNHCR: 2021 *UNHCR Best Interest Procedure Guidelines: Assessing and Determining the Best Interest of the Child*, maí 2021: <https://www.refworld.org/docid/5c18d7254.html> [skoðað 24. maí 2022].

¹² UNHCR: 2021 *UNHCR Best Interest Procedure Guidelines: Assessing and Determining the Best Interest of the Child*, bls. 50 – 51.

¹³ Úrskurður kærunefndar útflendingamála nr. 273/2021, bls. 15.

Umfjöllun kærunefndar um aðstæður flóttabarna í Grikklandi í téðum úrskurði er ófullnægjandi að mati Rauða krossins. Eini hluti umfjöllunar kærunefndar er varðar börn sérstaklega fjallar um lagalegan rétt þeirra til þess að ganga í skóla til jafns við grísk börn fram að 15 ára aldri. Þrátt fyrir það sé áætlað að einungis þriðjungur barna með alþjóðlega vernd hafi verið formlega skráður til náms á árunum 2018-2019. Þá hafi COVID-19 faraldurinn haft slæm áhrif á menntun flóttabarna sem bæði hafi átt erfitt með að skrá sig til náms og hafi átt í erfiðleikum með fjarnám vegna tungumálaerfiðleika og skorts á nauðsynlegum búnaði.¹⁴ Niðurstaða þessarar takmörkuðu umfjöllunar, sem þrátt fyrir allt staðfestir bága stöðu flóttabarna í Grikklandi, er einhverra hluta vegna sú að það samrýmist hagsmunum barna að vera send aftur til Grikklands. Frekari umfjöllun sem sérstaklega varðar réttarstöðu barna er ekki að finna í úrskurðinum.

Hins vegar er mikil áhersla lögð á meginregluna um einingu fjölskyldunnar. Af lestri úrskurðarins mætti ætla að eining fjölskyldunnar sé megin sjónarmiðið sem hafa beri í huga þegar ákvarðanir eru teknar um málefni flóttabarna sem eru hér í fylgd með foreldrum sínum. Er því ástæða til að ítreka það sem fyrr segir að sjónarmið um einingu fjölskyldunnar eiga ekki að koma til skoðunar þegar ákvarðanir eru teknar um málefni barna nema þegar gætt hefur verið að sjónarmiðum er varða öryggi barna.¹⁵ Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er það fjarri raunveruleikanum að aðstæður flóttabarna í Grikklandi séu öruggar og er því hagsmunum þeirra bersýnilega borgið séu málefni þeirra og foreldra þeirra tekin til efnismeðferðar hér á landi. Slík ráðstöfun myndi einnig uppfylla skilyrðið um einingu fjölskyldunnar, sem Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála virðast leggja höfuðáherslu á.

Með vísan til þess sem áður segir um aðstæður flóttafólks og þ.m.t. flóttabarna í Grikklandi er það mat Rauða krossins að sjónarmið um að börn verði að senda til Grikklands þar sem ákvörðun þar að lútandi verði tekin í máli foreldra þeirra á grundvelli einingar fjölskyldunnar verði að víkja. **Öllu heldur væri rétt að horfa til þess að öryggi barnanna verður ekki tryggt í Grikklandi og því ber að taka mál þeirra til efnismeðferðar. Mál foreldra þeirra ætti þá, með vísan til sjónarmiða um einingu fjölskyldunnar, einnig að vera tekið til efnismeðferðar.** Meginreglan um að það sem börnum er fyrir bestu, sbr. 3. gr. barnasáttmálans, er grundvallarregla barnasáttmálans en ástæða er til að ítreka að sáttmálinn hefur verið lögfestur hér á landi með lögum nr. 19/2013. Það liggur í augum uppi, sbr. umfjöllun í köflunum hér á eftir, að það er börnum ekki fyrir bestu að hafa ekki greitt og traust aðgengi að heimili, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, framfærslu, menntun og atvinnu í framtíðinni. **Í Grikklandi bíður flóttabörnum vonleysi, réttindaleysi, örbirgð, öryggisleysi, skortur, heimilisleysi, fordómar og mismunur, líf sem er engu barni bjóðandi og þeim alls ekki fyrir bestu.**

Með vísan til framangreinds skal mat á hagsmunum barna ekki unnið út frá foreldrum þeirra heldur ætti fyrst og fremst að leggja mat á hagsmuni barna á þeirra eigin forsendum. Í 2. mgr. 2. gr. barnasáttmálans er mælt fyrir um að börnum verði ekki mismunað vegna stöðu eða athafna aðstandenda sinna eða ættingja. Ákvæðið beinist einkum gegn því að börn séu sett í þá aðstöðu að vera látin líða fyrir athafnir foreldra sinna eða ættingja, sem þau eiga engan þátt í né bera ábyrgð á, en eru samt látin gjalda vegna sérstaklega viðkvæmrar stöðu sinnar. Rauði krossinn telur ótækt að flóttabörn séu látin gjalda fyrir það að foreldrar þeirra hafi sótt um vernd í Grikklandi áður en þau sóttu um vernd á Íslandi. **Hagsmunir flóttabarna eru ekki hafðir að leiðarljósi með endursendingu til Grikklands.**

¹⁴ Úrskurður kærunefndar útlendingamála nr. 273/2021, bls. 8.

¹⁵ UNHCR: 2021 *UNHCR Best Interest Procedure Guidelines: Assessing and Determining the Best Interest of the Child*, bls. 50 – 51.

Þau lagaákvæði íslenskra laga sem vísað hefur verið til og fjallað hefur verið um sem mæla fyrir um að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi eru ekki merkingarlaus. Íslenskum stjórnvöldum ber að fara eftir lögum í ákvarðanatöku sinni og túlka lagaákvæði samkvæmt viðurkenndum lögskýringar-aðferðum. Hver sá sem kynnt sér hefur aðstæður og réttindi flóttabarna í Grikklandi sér að sú niðurstaða, að það sé hagsmunum flóttabarna fyrir bestu að endursenda þau ásamt foreldrum sínum á götuna til Grikklands, er röng og ekki í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir eða frásagnir umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi. Hafi löggjafinn ætlast til þess að litið yrði framhjá þessum lagaákvæðum við meðferð mála er varða börn á flótta hefði sá skilningur þurft að koma fram í lögum eða lögskýringargögnum.

2 Hindranir á aðgengi að nauðsynlegum skráningum

Heimildir sem og frásagnir flóttafólks sem leitað hefur skjóls á Íslandi bera með sér að þeir sem hlotið hafi alþjóðlega vernd í Grikklandi verði fyrir alvarlegri mismunun af hálfu grískra stjórnvalda og séu á margvíslegan máta útilokaðir frá nauðsynlegri skráningu í Grikklandi.¹⁶ Hér má nefna útgáfu dvalarleyfa, skattnúmera (AFM) og kennitalna (AMKA) sem og öflun bankareiknings og sönnunar á heimilisfangi svo eitthvað sé nefnt. Skýrsla Refugee Support Aegean/Stiftung Pro Asyl tiltekur sérstaklega þá mismunun sem fólk með alþjóðlega vernd verður fyrir í Grikklandi:

Status holders in Greece continue to face **specific challenges** posed by severe administrative barriers to access to different categories of official documentation. **These obstacles prevent people from fulfilling the necessary documentation prerequisites for accessing key rights such as health care, housing, social welfare and access to the labour market under equal conditions to nationals.**¹⁷ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Útgáfa og endurnýjun dvalarleyfa kann að taka marga mánuði eða ár í Grikklandi og þeir sem snúa aftur til landsins frá öðrum ríkjum Evrópu standa í sumum tilvikum frammi fyrir algjöru bjargleysi vegna þess:

In the cases of beneficiaries returned from other European countries in recent months, persons await the renewal or reissuance of their ADET and have not been issued any other documentation pending the delivery of the ADET. Importantly, the start date of validity of the ADET corresponds to the date of issuance of the ADET Decision by the Asylum Service, not the issuance of the ADET itself. This creates serious risks for holders of subsidiary protection whose ADET has a one-year validity period given that the ADET issued to them are often close to expiry and need to be immediately renewed due to the delays described above. On account of the substantial backlog of cases before the Aliens Police Directorate of Attica, **beneficiaries of international protection who do not hold a valid ADET upon return to Greece are liable to face particularly lengthy waiting**

¹⁶ Asylum Information Database (AIDA), *Country Report: Greece*, júní 2021: https://asylumineurope.org/wp-content/uploads/2021/06/AIDA-GR_2020update.pdf, bls. 229-230, 249 og 251 [skoðað 24. maí 2022]; Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020: https://7fbd6c04-47c2-4b9a-859a-d3933d784078.filesusr.com/ugd/837f1b_1f08daaad3ef4606961889a0d7dfbc0b.pdf, bls. 18 [skoðað 24. maí 2022]; Refugee Support Aegean og Stiftung PRO ASYL, *Beneficiaries of international protection in Greece - Access to documents and socio-economic rights*, mars 2022: https://rsaeggean.org/wp-content/uploads/2022/03/2022-03_RSA_BIP_EN.pdf, bls. 8-12 [skoðað 24. maí 2022].

¹⁷ Refugee Support Aegean og Stiftung PRO ASYL, *Beneficiaries of international protection in Greece - Access to documents and socio-economic rights*, mars 2022, bls. 4.

times for the issuance and/or renewal of their ADET, without which they cannot access social benefits, health care and the labour market.¹⁸ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Fólk með alþjóðlega vernd í Grikklandi glímir við verulegar hindranir reyni það að nálgast framfærslu eða aðra félagslega aðstoð í landinu, hindranir sem mismuna þeim enda þurfa grískir borgarar ekki að fást við sömu vandamál. Skýrsla Passerell rekur sérstaklega vandamál tengd stjórnýslu og skrifræði í Grikklandi við að nálgast nauðsynlegar skráningar, alvarlegan skort á sérstökum stuðningi við þennan hóp svo fólk með alþjóðlega vernd nái að yfirstíga þann aðstöðumun sem það býr við, alvarlegan skort á upplýsingum og leiðsögn sem og skort á fjármagni.¹⁹ Skýrsla AIDA staðfestir þessar hindranir fyrir þá sem sækja um skattnúmer í Grikklandi:

Similar to asylum seekers, beneficiaries of international protection **face obstacles in the issuance of Tax Registration Number (AFM)**, which hinder their access to the labour market and registration with the Unemployment Office of OAED. According to GCR's experience, issuance of an AFM is **riddled by severe delays**. The procedure for competent Tax Offices to verify refugees' personal data through the Asylum Service takes approximately 2 months. In case of a professional (επαρικό) AFM, the procedure takes more than 3.5 months and requires the assistance of an accountant. Moreover, individuals wishing to register with a Tax Office (Διεύθυνση Οικονομικών Υποθέσεων, (DOY) with a view to obtaining AFM are **required to certify their residence address** through a certificate from a reception centre, an electricity bill or a copy of a rental contract in their name. **Accordingly, beneficiaries of international protection who do not hold a residence certificate and/or are homeless are unable to obtain AFM. As a result, they cannot submit a tax declaration or obtain a tax clearance certificate.**²⁰ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Skýrsla Passerell staðfestir ofanritað þegar kemur að heimilislausum:

Therefore, those beneficiaries of international protection who cannot obtain a certified residence address and/or **who are homeless, are unable to receive AFM, and consequently, unable to access any social rights for which obtaining AFM is a precondition.**²¹ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Sömu sögu er að segja um útgáfu kennitalna. Getur það reynst mörgum ómögulegt að leggja fram sönnun um búsetu, sérstaklega þeim sem hafast við á götunni en heimildir benda til þess að vottorð um heimilisleysi séu ekki tekin gild.²² Skýrsla AIDA staðfestir þessa erfiðleika:

[A]dministrative obstacles with regard to the issuance of a Social Security Number (AMKA) also impede access to health care.²³

Talsmenn Rauða krossins hafa í greinargerðum til kærunefndar útlendingamála gert athugasemdir við tilvísanir Útlendingastofnunar í ákvörðunum sínum til svars Flóttamannastofnunar, dags. 10. mars

¹⁸ Asylum Information Database (AIDA), *Country Report: Greece*, júní 2021, bls. 229-230. Sjá einnig Refugee Support Aegean og Stiftung PRO ASYL, *Beneficiaries of international protection in Greece - Access to documents and socio-economic rights*, mars 2022, bls. 8-10.

¹⁹ Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 18.

²⁰ Asylum Information Database (AIDA), *Country Report: Greece*, júní 2021, bls. 249. Sjá einnig: Refugee Support Aegean og Stiftung PRO ASYL, *Beneficiaries of international protection in Greece - Access to documents and socio-economic rights*, mars 2022, bls. 10.

²¹ Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 18.

²² Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 18.

²³ Asylum Information Database (AIDA), *Country Report: Greece*, júní 2021, bls. 251. Sjá einnig: Refugee Support Aegean og Stiftung PRO ASYL, *Beneficiaries of international protection in Greece - Access to documents and socio-economic rights*, mars 2022, bls. 11.

2020, vegna fyrirspurnar kærunefndar. Í svarinu, sem Rauði krossinn hefur ekki fengið afrit af og óljóst er hvort að Útlendingastofnun hafi séð, kemur fram að það sé ýmsum erfiðleikum háð að fá útgefin áður nefnd skattúmer, bæði vegna tungumálaerfiðleika og þá sé mismunandi og oft misvísandi í framkvæmd milli þeirra stjórnvalda er sjá um útgáfu númeranna. Svar Flóttamannastofnunar virðist þannig styðja frásagnir handhafa alþjóðlegrar verndar í Grikklandi um að verulegar hindranir séu til staðar varðandi aðgengi að nauðsynlegum skráningum. Þrátt fyrir þetta hefur Útlendingastofnun í ákvörðunum sínum vísað til óvæntrar niðurstöðu kærunefndar í úrskurði nr. 95/2020 þess efnis að þrátt fyrir að einstaklingar með alþjóðlega vernd mæti ýmsum hindrunum við umsókn og útgáfu skattnúmers, þá bendi gögn og skýrslur um Grikkland **ekki til þess að það sé einstaklingum ómögulegt**. Rauði krossinn getur ekki annað en fallist á það með Útlendingastofnun og kærunefnd að vissulega sé einstaklingum með alþjóðlega vernd ekki **með öllu ómögulegt** að verða sér út um nauðsynlegar skráningar, litlum hluta fólks tekst vissulega að útvega sér kennitölu og skattúmer. Rökréttari og eðlilegri ályktun af hinu óbirta svari Flóttamannastofnunar, gögnum og skýrslum um Grikkland er þó sú að handhafar alþjóðlegrar verndar standi frammi fyrir ítrekuðum hindrunum þegar kemur að aðgengi að eðlilegum skráningum, þær hindranir sem fólk verði fyrir séu margvíslegar og kerfisbunandar. Hindranirnar feli í sér alvarlega mismunun sem leiði til þess að staða flóttafólks sé verulega síðri en almennings í Grikklandi.

3 Takmarkað aðgengi að heilbrigðisþjónustu í Grikklandi

Þrátt fyrir að grísk lög mæli fyrir um jafnan aðgang flóttafólks og grískra ríkisborgara að heilbrigðiskerfinu í Grikklandi er raunverulegt aðgengi flóttafólks að heilbrigðiskerfinu hins vegar verulega takmarkað, m.a. vegna gríðarlegs niðurskurðar síðustu ára.²⁴ Í skýrslu *Asylum Information Database (AIDA) Country Report* frá 11. júní 2021 segir um almennt aðgengi að heilbrigðisþjónustu:

Despite the favourable legal framework, **actual access to health care services is hindered in practice by significant shortages of resources and capacity for both foreigners and the local population**, as a result of the austerity policies followed in Greece, **as well as the lack of adequate cultural mediators**. “The public health sector, which has been severely affected by successive austerity measures, is under extreme pressure and **lacks the capacity to cover all the needs for health care services, be it of the local population or of migrants**”. Moreover, administrative obstacles with regard to the issuance of a Social Security Number (AMKA) also impede access to health care. [Leturbreyting Rauða krossins]

Hinn víðtæki niðurskurður sem hefur átt sér stað á síðustu árum hefur valdið því að mikill skortur er á heilbrigðisstarfsfólki og biðlistar langir. Þá gerir mikill skortur á tálkaþjónustu það að verkum að einstaklingar fá oft ekki rétta greiningu og eru ekki lagðir inn á spítala þegar þörf er á.²⁵ Kostnaður

²⁴ Asylum Information Database (AIDA), *Country Report: Greece*, júní 2020, bls. 223. Passerell, Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice, nóvember 2020, bls. 32. [skoðað 24. maí 2022].

²⁵ Asylum Information Database (AIDA): *Country Report: Greece*, júní 2020, bls. 223. Sjá einnig: Council of Europe: *Report of the Commissioner for Human Rights of the Council of Europe, Dunja Mijatović, following her visit to Greece from 25 to 29 June 2018*, 6. nóvember 2018, bls. 18. European Union Agency for fundamental Rights: *Key Fundamental Rights concerns – Quarterly Bulletin 2019*: <https://fra.europa.eu/en/theme/asylum-migration-borders/overviews/2019>, [skoðað 24. maí 2022]. European Union Agency for fundamental Rights: *Beyond the peak: challenges remain, but migration numbers drop*: https://fra.europa.eu/sites/default/files/fra_uploads/fra-2019-beyond-the-peak-migration-annual-review-2018_en.pdf [skoðað 24. maí 2022]. Passerell: *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 6-7, 17-19, og 31-32. Refugee Support Aegean og Stiftung PRO ASYL, *Beneficiaries of international protection in Greece - Access to documents and socio-economic rights*, mars 2022: https://rsaeegean.org/wp-content/uploads/2021/03/2021-02_RSA_BIP-1.pdf, bls. 11 [skoðað 24. maí 2022].

einstaklinga vegna nauðsynlegra lyfjakaupa hefur jafnframt aukist á síðustu árum en það kemur illa við sjúklinga með langvinna sjúkdóma. Þá hefur takmarkaður aðgangur að geðheilbrigðisþjónustu jafnframt verið sérstakt áhyggjuefni en biðtími eftir slíkri þjónustu eru margir mánuðir.²⁶ Heimildir bera með sér að andlegri heilsu flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í Grikklandi hafi hrakað verulega á Covid-19 tímum en um það er fjallað á ítarlegan hátt í skýrslu IRC (*International Rescue Committee*) frá desember 2020.²⁷

Íslensk stjórnvöld geta ekki litið framhjá þeirri staðreynd að raunveruleikinn er sá að flóttafólk á í miklum erfiðleikum með að njóta fullnægjandi heilbrigðisþjónustu í Grikklandi og þetta staðfesta alþjóðlegar skýrslur, en í fyrrgreindri skýrslu AIDA er fjallað um raunverulegt aðgengi flóttafólks að fullnægjandi heilbrigðisþjónustu í Grikklandi. Þá hafa stjórnsýsluhindranir sem komið hafa í veg fyrir útgáfu AMKA númera hindrað aðgang flóttafólks að heilbrigðisþjónustu í landinu.²⁸

4 Takmarkað aðgengi að húsnæði í Grikklandi

Grísk lög kveða á um jafnan rétt flóttafólks til félagslegs stuðnings þar á meðal húsnæðis. Í framkvæmd er það hins vegar svo að flóttafólk stendur frammi fyrir erfiðum hindrunum. Felst það aðallega í kerfislægum hindrunum, þ.e. í mikilli skriffinnsku innan stjórnsýslunnar, skorti á úrræðum á vegum hins opinbera, óviðunandi innleiðingu laga og áhrifum efnahagskreppunnar. Freklega er brotið gegn rétti flóttafólks til húsnæðis og þannig er þeim mismunað. Gífurlegur fjöldi flóttafólks hefst við á götum Grikklands og reynir að koma undir sig fótunum. Handahófskennd viðbrögð ýmissa alþjóðlegra hjálparsamtaka, frjálsra félagsamtaka, Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins við að grípa inn í aðstæðurnar eru einungis tímabundin og ná einungis til lítils hluta þess fólks sem nú berst í bökkum í Grikklandi.²⁹ **Heimilisleysi flóttafólks í Grikklandi er því viðvarandi vandi. Yfirgnæfandi líkur eru á að flóttafólk sem er endursent til Grikklands muni verða heimilislaust eða búa við óviðunandi aðstæður.**³⁰

Rétt er að benda á að í skýrslu AIDA kemur fram að flóttafólk hafi **ekki** sama aðgengi að húsnæði og grískir ríkisborgarar, en þar segir;

According to Article 30 IPA, beneficiaries of international protection should enjoy the same rights as Greek citizens and receive the necessary social assistance, according to the terms applicable to Greek citizens. However, **administrative and bureaucratic barriers, lack of state-organised actions in order to address their particular situation, non-effective implementation of the law, and the impact of economic crisis prevent international protection holders from the enjoyment of their rights, which in**

²⁶ Council of Europe: *Report of the Commissioner for Human Rights of the Council of Europe, Dunja Mijatović, following her visit to Greece from 25 to 29 June 2018*, 6. nóvember 2018, bls. 19-20 [skoðað 24. maí 2022].

²⁷ The Guardian: 'A mental health emergency': no end to trauma for refugees on Lesbos, 22. desember 2020: <https://www.theguardian.com/global-development/2020/dec/22/a-mental-health-emergency-no-end-to-trauma-for-refugees-on-lesbos> [skoðað 24. maí 2022]. IRC: *Cruelty of Containment. The mental Health Toll of the EU's 'Hotspot' Approach on the Greek Islands*, desember 2020: <https://www.rescue-uk.org/sites/default/files/document/2389/crueltyofcontainmentreport.pdf> [skoðað 24. maí 2022].

²⁸ Asylum Information Database (AIDA): *Country Report: Greece*, júní 2020, bls. 251.

²⁹ Asylum Information Database (AIDA), *Country Report: Greece*, júní 2020, bls. 217 og 219. UNHCR: *Greece UPDATE No. 13*, 8. janúar 2021. Passerell, Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice, nóvember 2020, bls. 24.

³⁰ Passerell, Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice, nóvember 2020, bls. 24 [skoðað 24. maí 2022].

*some cases may also constitute a violation of the of principle of equal treatment enshrined in L.3304/2005, transposing Directives 2000/43/EU and 2000/78/EU.*³¹ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Mörg samtök hafa lýst yfir áhyggjum af því að sérstaklega viðkvæmt flóttafólk hafi sætt nauðugum brottflutningum og búi við slæman aðbúnað, einkum í kjölfar þess að Covid-19 faraldurinn braust út en þann 22. desember 2020 skrifuðu 74 hjálpar- og mannúðarsamtök undir ákall til grískra stjórnvalda um að bregðast við heimilisleysi og örbirgð flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.³² Margt bendir til þess að ástandið sé enn mjög slæmt og að brýnna aðgerða sé þörf.

Ljóst er að mati Rauða krossins að flóttafólk á erfitt uppdráttar á húsnæðismarkaðnum í Grikkland. Það hefur ekki sama aðgengi að húsnæði og almenningur þar í landi og mætir ýmsum hindrunum. Þar af leiðandi sætir flóttafólk í Grikklandi alvarlegri mismunun stöðu sinnar vegna.

5 Takmarkað aðgengi að félagslegri aðstoð og framfærslu

Í skýrslu AIDA um Grikkland segir að grísk lög kveði á um jafnt aðgengi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd að félagslegum stuðningi auk þess sem samkvæmt lögnum ætti flóttafólk að eiga sama rétt á félagslegri aðstoð og framfærslu og grískir ríkisborgarar án mismununar.³³ Ljóst er þó af lestri skýrslunnar að í grískum lögum er að finna umfangsmiklar og margvíslegar hindranir sem leiða til þess að flóttafólk nýtur alls ekki sömu réttinda og á alls ekki rétt á sambærilegri félagslegri aðstoð og ríkisborgarar Grikklands, án mismununar. Í skýrslunni segir um þetta;

Not all beneficiaries have access to social rights and welfare benefits. In practice, difficulties in access to rights stem from bureaucratic barriers, **which make no provision to accommodate the inability of beneficiaries to submit certain documents** such as family status documents, birth certificates or diplomas, **or even the refusal of civil servants to grant them the benefits provided, contrary to the principle of equal treatment as provided by Greek and EU law.**³⁴ [Leturbreyting Rauða krossins]

Í framhaldinu er fjallað um mismunandi bætur sem finna má í gríska kerfinu. Í þeirri umfjöllun kemur m.a. fram að til að fá fjölskyldubætur (e. *family allowance*) þurfi að sýna fram á 5 ára varanlega, samfellda, og löglega dvöl í Grikklandi, bætur til einstæðra mæðra eru einungis greiddar þeim sem leggja fram sönnun á stöðu sinni, t.d. dánarvottorð maka, skilnaðarpappírar og fæðingarvottorð, en þar sem að margar flóttakonur hafa ekki möguleika á að fá þessi skjöl frá yfirvöldum í heimaríki séu þær undanskildar þessum bótum. Fæðingarstyrkur er ætlaður konum sem búsettar eru í Grikklandi löglega og varanlega. Styrkurinn nemur 2.000 evrum fyrir hvert barn sem fæðist í Grikklandi. Ríkisborgarar svokallaðra þriðju ríkja eiga rétt á styrknum ef þeir geta sýnt fram á 12 ára samfellda búsetu í Grikklandi.³⁵ Til að sýna fram á samfellda búsetu þarf að leggja fram skattframtöl sem sjálfkrafa undanskilur stærstan hluta flóttafólks frá rétti til fæðingarstyrks. Flóttafólk er að sama skapi undanskilið með lögum réttinum til 1000 evru árlegum námsstyrk en eingungis grískir ríkisborgarar og ríkisborgarar Evrópusambandsríkja eiga rétt á þeim styrk.³⁶

³¹ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 245.

³² Refugees International: *Advocacy Letter: Refugees in Greece: Risk of Homelessness and Destitution for Thousands during Winter*, 22. desember 2020:

<https://www.refugeesinternational.org/reports/2020/12/21/7z5xegmkuq5p3lob24hmxp3l0zy7oc> [skoðað 24. maí 2022].

³³ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 250.

³⁴ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 250.

³⁵ Konur frá þriðju ríkjum sem eignast barn í Grikklandi árin 2020-2023 þurfa að hafa búið í Grikklandi frá árinu 2012.

³⁶ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 250.

Framangreind heimild staðfestir því svart á hvítu að flóttafólk í Grikklandi sæti mismunun þegar kemur að aðgengi að félagslegri aðstoð og bótum og að brotið sé á réttindum þeirra samkvæmt grískum og evrópskum réttarreglum.

Í orði tryggja grísk lög flóttafólki margvísleg réttindi til húsnæðis, félagsþjónustu, atvinnu, heilbrigðisþjónustu o.s.frv. en heimildum ber saman um að verulega skorti á að lögum sé fylgt í framkvæmd og að fólk fái í raun notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð á í lögum.³⁷ Í skýrslu AIDA kemur fram að þrátt fyrir að grísk lög mæli fyrir um jafnan rétt þeirra sem njóta alþjóðlegrar verndar í landinu annars vegar og grískra ríkisborgara hins vegar er varðar félagslegan stuðning og bætur sé raunin allt önnur.³⁸

Sönnun á dvalarstað (e. *proof of certified residence address*) er skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að fá kennitölu, skattúmer, opna bankareikning og fá félagslegar bætur. Í framkvæmd neita yfirvöld oft að taka á móti skírteinum um heimilisleysi sem sönnun á dvalarstað. Heimilislaustr flóttafólk sem býr við hræðilegar aðstæður, oft í óformlegum íbúðum án rafmagns og vatns eða á götunni er þannig gert ómögulegt að verða sér úti um kennitölu, skattúmer og bankareikning eða þiggja félagslegar bætur.³⁹ Ljóst er að fjölmargt flóttafólk fær engar bætur eða hjálp frá grískum stjórnvöldum, sökum skriffinnsku, óbilgirni og jafnvel beinnar mismununar af hálfu opinbers starfsfólks í Grikklandi sem standa því í vegi.⁴⁰

Í febrúar 2017 var grískum lögum breytt á þann veg að fólk undir fátæktarmörkum, þ. á m. flóttafólk, ætti rétt á lágmarksframfærslu frá ríkinu, þ.e. 200 evrum á mánuði fyrir hvert heimili en við það bætast 100 evrur fyrir hvern auka fullorðinn einstakling og 50 evrur fyrir hvert barn á heimilinu. Fyrir utan framangreint er ekkert ákvæði er til staðar í grískum lögum um félagslegan stuðning við viðkvæma einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd, s.s. fórnarlömb pyndinga. Eina sálfélagslega (e. *psychosocial*) og lagalega stuðninginn við fórnarlömb pyndinga í Grikklandi er að fá hjá þremur tilteknum frjálsum félagasamtökum, þ.e. GCR, Day Centre Babel og MSF, en af því leiðir að áframhaldandi stuðningur frá samtökunum grundvallast á því að fjárframlög fáiast í sjóði samtakanna.⁴¹

Í skýrslu *mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins* er vakin athygli á því að grísk stjórnvöld hafi ekki ráðist í neinar aðgerðir til þess að vinna að aðlögun flóttafólks í landinu að grísku samfélagi þrátt fyrir að tillögur að slíkri stefnu séu farnar að líta dagsins ljós.⁴² Í skýrslunni segir að grípa þurfi til róttækra aðgerða til að styrkja við aðlögun flóttafólks og farendra í Grikklandi þar sem þörfum þeirra í þeim efnum sé ekki mætt.⁴³

Sumarið 2020 sendi UNHCR frá sér fréttatilkynningu þar sem áhyggjum var lýst af lagabreytingum frá mars 2020 sem skertu aðlögunartímabil viðurkennds flóttafólks úr sex mánuðum niður í 30 daga með tilheyrandi skorti á stuðningsneti og aðstoð við aðlögun. Í tilkynningunni segir:

³⁷ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 246 og 247; Passerell: *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 17-35.

³⁸ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 245.

³⁹ Passerell: *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 19.

⁴⁰ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 250.

⁴¹ AIDA: *Country Report: Greece 2020 update*, 10. júní 2021, bls. 251.

⁴² Council of Europe: *Report of the Commissioner for Human Rights of the Council of Europe, Dunja Mijatović, following her visit to Greece from 25 to 29 June 2018*, 6. nóvember 2018, bls. 1 og 12.

⁴³ Council of Europe: *Report of the Commissioner for Human Rights of the Council of Europe, Dunja Mijatović, following her visit to Greece from 25 to 29 June 2018*, 6. nóvember 2018, bls. 13-14.

Forcing people to leave their accommodation without a safety net and measures to ensure their self-reliance may push many into poverty and homelessness. Most of the affected refugees do not have regular income, many are families with school-aged children, single parents, survivors of violence, and others with specific needs. The ongoing COVID-19 pandemic and measures to reduce its spread create additional challenges by limiting people's ability to move and find work or accommodation.

Shifting a problem from the islands to the mainland is not a solution. UNHCR has been urging authorities to apply a phased approach, a higher threshold to extend assistance to vulnerable people who cannot leave at this stage.

Refugee integration is a process which requires sincere efforts from refugees to become self-sufficient and give back to their host society. **At the same time effective access to national schemes and integration programmes which offer language classes, vocational training, and access to gainful employment are key.**⁴⁴ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Stór hluti viðurkennds flóttafólks finnur sig án nokkurs stuðnings á götum Grikklands og grísk stjórnvöld eru gagnrýnd harðlega fyrir að hafa brugðist þessum hópi við aðlögun grísk samfélags.⁴⁵ Af skýrslu samtakanna Passerell má skýrlega ráða að aðstæður flóttafólks hafi ekki batnað á síðustu árum, þó síður sé, en um aðgengi flóttafólks að félagslega kerfinu í Grikklandi segir meðal annars:

Access of beneficiaries of international protection to social welfare is highly problematic, mainly due to the lengthy residence requirements that effectively exclude them from most forms of social assistance, thus constituting indirect discrimination. The only effective social allowance available to refugees, in theory, is the guaranteed minimum income. However, in practice, access to it is significantly hampered by bureaucratic barriers in obtaining the necessary documents for it. Naturally, the erosion of the welfare state following the economic crisis and the subsequent cuts in social expenditure in Greece have also hindered access of beneficiaries of international protection to social welfare. **For these reasons, beneficiaries of international protection, including those who are returned to Greece from other EU Member States, are unlikely to benefit from any form of social assistance and thus face a real risk of homelessness and destitution.**⁴⁶ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Í fyrrnefndri skýrslu Passerell er sérstaklega minnst á útilokun heimilislausra handhafa alþjóðlegrar verndar á félagslegri aðstoð:

Therefore, those beneficiaries of international protection who cannot obtain a certified residence address and/or **who are homeless, are unable to receive AFM, and consequently, unable to**

⁴⁴ UNHCR: *Greece must ensure safety net and integration opportunities for refugees* – UNHCR, 2. júní 2020: <https://www.unhcr.org/news/briefing/2020/6/5ed603924/greece-must-ensure-safety-net-integration-opportunities-refugees-unhcr.html> [skoðað 24. maí 2022].

⁴⁵ The Guardian: *'We want to stay': refugees struggle to integrate in Greece after camp life*, 25. júní 2020: <https://www.theguardian.com/global-development/2020/jun/25/we-want-to-stay-refugees-struggle-to-integrate-in-greece-after-camp-life> [skoðað 24. maí 2021]; Info Migrants: *Greece: Refugees, asylum seekers struggle to integrate*, 9. febrúar 2022: <https://www.infomigrants.net/en/post/38418/greece-refugees-asylum-seekers-struggle-to-integrate> [skoðað 24. maí 2022]; France24: *Refugees in Greece face hunger, homelessness despite status*, 18. febrúar 2022: <https://www.france24.com/en/live-news/20220218-refugees-in-greece-face-hunger-homelessness-despite-status> [skoðað 24. maí 2022].

⁴⁶ Passerell: *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 34.

access any social rights for which obtaining AFM is a precondition.⁴⁷ [Leturbreytingar Rauða krossins]

Af framangreindri yfirferð er ljóst að heimildum ber saman um að félagslega kerfið grípur ekki nema örfáa einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd í Grikklandi og stendur flóttafólk frammi fyrir alvarlegri mismunun í Grikklandi.⁴⁸ Er því ljóst að möguleikar flóttafólks til framfærslu og félagslegrar aðstoðar frá grískum yfirvöldum eru nær engir.

Sé staða verndarhafa í Grikklandi metin í samræmi við fyrirliggjandi heimildir er ljóst að möguleikar þeirra til félagslegrar aðstoðar eru engan veginn sambærilegir möguleikum grískra ríkisborgara og í raun stendur þeim engin fjárhagsleg aðstoð til boða vegna stöðu þeirra.⁴⁹

Rauði krossinn telur ljóst að íslensk stjórnvöld geti ekki lengur litið framhjá því að æ fleiri heimildir staðfesti að lagaleg réttindi flóttafólks í Grikklandi eru í mörgum tilvikum ekki virk.

Hin kerfislæga mismunun veldur því að verndarhafar í Grikklandi mæta í raun óyfirtíganlegum hindrunum, sem gerir það að verkum að þeim bíður ekkert annað en örbirgð og líf á götunni, án félagslegrar aðstoðar stjórnvalda.

6 Takmarkað aðgengi að atvinnu í Grikklandi

Í AIDA skýrslunni er jafnframt fjallað um það hvernig kerfið í Grikklandi gengur í raun gegn lagalegum réttindum flóttafólks til að stunda atvinnu þar í landi, en á bls. 182 í skýrslunni er fjallað um það hvernig flóttafólk er útilokað frá vinnu hjá einkaaðilum vegna þess að stærstu bankarnir synja flóttafólki ítrekað um að fá bankareikning sem kemur í veg fyrir að þau geti tekið á móti launagreiðslum:

In addition, both asylum seekers and beneficiaries of international protection have continued to face significant obstacles in opening bank accounts, including those dedicated for the payment of the salary, which are a precondition for payment in the private sector. **The four major banks in Greece have repeatedly refused to open bank accounts to asylum seekers**, even in cases where a certification of recruitment is submitted by the employer. “**In fact, this policy offends against the spirit and the letter of the law, excluding thus the asylum seekers from the labour market.** At the same time, employers willing to recruit asylum seekers are discouraged because of this significant barrier or, even when hiring them, face the risk of penalties”, as highlighted by the civil society organisation Generation. [Leturbreytingar Rauða krossins]

Þrátt fyrir að grísk lög mæli fyrir um jafnan rétt flóttafólks og grískra ríkisborgara að vinnumarkaðnum þá er reyndin sú að aðgangur þeirra að vinnumarkaðnum er nær ómögulegur. Flóttafólk verður fyrir mismunun í grísku samfélagi m.a. vegna skorts á tungumálakennslu og aðstoð við aðlögun að grísku samfélagi.⁵⁰ Í skýrslu *Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins* er vakin athygli á því að grísk stjórnvöld hafi

⁴⁷ Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020: https://7fbd6c04-47c2-4b9a-859a-d3933d784078.filesusr.com/ugd/837f1b_1f08daaad3ef4606961889a0d7dfbc0b.pdf, bls. 18.

⁴⁸ Asylum Information Database (AIDA): *Country Report: Greece*, júní 2021, bls. 245. Passerell: *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 6.

⁴⁹ Sjá hér sérstaklega Refugee Support Aegean og Stiftung PRO ASYL, *Beneficiaries of international protection in Greece - Access to documents and socio-economic rights*, mars 2022: https://rsaegean.org/wp-content/uploads/2022/03/2022-03_RSA_BIP_EN.pdf, bls. 12-14 [skoðað 24. maí 2022].

⁵⁰ Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 25-26.

ekki ráðist í neinar aðgerðir til þess að vinna að aðlögun flóttafólks í landinu að grísku samfélagi þrátt fyrir að tillögur að slíkri stefnu séu farnar að líta dagsins ljós.⁵¹

Í skýrslu *Passerell* um raunverulegt aðgengi flóttafólks að atvinnumarkaði í Grikklandi segir:

Access of beneficiaries of international protection to employment in the official labour market is **nearly impossible**. This is mainly due to a number of bureaucratic barriers in obtaining necessary documents for employment and registration with OAED and opening a bank account, as well as the severe omission of the Greek state to implement integration strategies and programmes aimed specifically at refugees; to introduce mechanisms for assessing refugees' qualifications, skills and previous work experience; and to provide free Greek language courses. Those few who do manage to find employment, tend to be employed in the informal economy, thus depriving them of access to social security, subjecting them to often very poor working conditions, and exposing them to a heightened risk of exploitation. **The prevailing economic conditions and the high unemployment rate in Greece, as well as the impact of COVID-19 on the economy, naturally further compound the situation. For these reasons, beneficiaries of international protection, including those who are returned to Greece from other EU Member States, are highly unlikely to find employment, at least in the formal economy, and thus face a real risk of destitution.**⁵²

[Leturbreytingar Rauða krossins]

Rauði krossinn telur ofangreint leiða sterkar líkur að því að þeim verndarhöfum sem vísa á úr landi bíði örbirgð í Grikklandi þar sem mikið atvinnuleysi, engin aðstoð frá stjórnvöldum, fordómar og tungumálhindranir komi í veg fyrir atvinnuþáttöku og möguleika þeirra til að framfleyta sér.

7 Hatursglæpir, fordómar og takmarkaðir möguleikar á vernd grískra yfirvalda

Rauði krossinn telur að flóttafólk sem senda á til Grikklands geti vænst þess að staða þess í ljósi þess að þau njóta alþjóðlegrar verndar þar í landi, sé verulega síðri en staða almennings í Grikklandi. Um daglega baráttu flóttafólks í Grikklandi við rasísk viðhorf, andúð og hatursglæpi í sinn garð er að finna fjölda heimilda.⁵³

Aðgerðir grískra stjórnvalda til að sporna við hatursorðræðu og fordómum eru veikar og skila ekki nægum árangri til að umsækjendur geti verið öruggir í landinu. Kynþáttahyggja og útflendingahatur er samkvæmt nýlegri skýrslu orðið að eðlilegum þætti í grísku samfélagi og í raun samþykkt og leitt af stjórn mála leiðtogum landsins og lögreglunni sem láta það átölulaust.⁵⁴

⁵¹ Council of Europe, *Report of the Commissioner for Human Rights of the Council of Europe, Dunja Mijatović, following her visit to Greece from 25 to 29 June 2018*, 6. nóvember 2018: <https://rm.coe.int/report-on-the-visit-to-greece-from-25-to-29-june-2018-by-dunja-mijatov/16808ea5bd>, bls. 1 og 12 [skoðað 24. maí 2022].

⁵² Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020: https://7fbd6c04-47c2-4b9a-859a-d3933d784078.filesusr.com/ugd/837f1b_1f08daaad3ef4606961889a0d7dfbc0b.pdf, bls. 26 [skoðað 24. maí 2022].

⁵³ Sjá t.a.m; U.S. Department of State, *2020 Report on International Religious Freedom: Greece*, 12. maí 2021: <https://www.state.gov/wp-content/uploads/2021/05/240282-GREECE-2020-INTERNATIONAL-RELIGIOUS-FREEDOM-REPORT.pdf>, bls. 14 [skoðað 24. maí 2022], Racist Violence Recording Network, *Racist Violence Recording Network. Annual Report 2020*, 22. apríl 2021: https://www.unhcr.org/gr/wp-content/uploads/sites/10/2021/05/ENG_ETHSIA_EKTHESH.pdf [skoðað 24. maí 2022] og U.S. Department of State: *2021 Country Reports on Human Rights Practices: Greece*, 12. apríl 2022: <https://www.state.gov/reports/2021-country-reports-on-human-rights-practices/greece/> [skoðað 24. maí 2022].

⁵⁴ Racist Violence Recording Network, *Racist Violence Recording Network. Annual Report 2020*, 22. apríl 2021: https://www.unhcr.org/gr/wp-content/uploads/sites/10/2021/05/ENG_ETHSIA_EKTHESH.pdf; Council of Europe, *Report of the Commissioner for Human Rights of the Council of Europe, Dunja Mijatović, following her visit to Greece from 25 to 29 June 2018*, 6. nóvember 2018: <https://rm.coe.int/report-on-the-visit-to-greece-from-25-to-29-june-2018-by-dunja-mijatov/16808ea5bd>; European Commission, *2020 Rule of Law Report - Country Chapter on the rule of law situation in*

Í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins um mannréttindamál í Grikklandi er fjallað um það ofbeldi (hatursglæpi) sem flóttafólk verður fyrir þar í landi. Ofbeldið sem lögreglan beitir flóttafólk og aðra viðkvæma hópa vekur sérstakar áhyggjur en hundruð slíkra tilvika hafa verið skráð undanfarin ár eða eru til rannsóknar. Gríski umboðsmaðurinn (e. *the office of the Greek Ombudsman*) hefur felst sumt af þessu ofbeldi lögreglunnar undir pyndingar. Rétt er að halda því til haga að þessir hatursglæpir lögreglunnar virðast jafnvel eiga sér stað úti á götu þar sem lögreglumenn hafa veist að saklausu flóttafólki án nokkurs tilefnis. Tölur benda ekki til þess að ofbeldið sé í rénun.⁵⁵ Þegar lögreglan og stjórnvöld eru ekki sjálf ábyrg fyrir hatursglæpunum hafa þau þá ítrekað orðið uppvis að því að veita þessum viðkvæmum hópum ekki næga vernd fyrir því ofbeldi og fordómum sem almenningur og ýmsir öfgahópar viðhafa gagnvart m.a. flóttafólki:

Authorities did not always provide adequate security or physical protection to migrants and asylum seekers,⁵⁶

Með vísan til framangreindra heimilda er hægt að staðhæfa það að flóttafólk á verulega undir högg að sækja vegna þeirra fordóma og hatursorðræðu sem viðgengst í landinu.

8 Grundvallarreglan um bann við endursendingum þangað sem líf fólks eða frelsi er í hættu

Í athugasemdum með 42. gr. í frumvarpi til núgildandi útlendingalaga kemur fram að ákvæðið um bann við endursendingum þangað sem líf fólks eða frelsi er í hættu (e. *non-refoulement*) komi sjálfstætt til skoðunar í þeim tilvikum þegar taka á ákvörðun um frávisun eða brottvísun til annars lands en heimalands útlendinga, sbr. orðalag 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins.

Útlendingastofnun hefur enn ekki fallist á það í ákvörðunum sínum að aðstæður handhafa alþjóðlegrara verndar í Grikklandi nái því alvarleikastigi sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gert í málum er fjalla um brot á 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (bann við pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu). Í ákvörðunum stofnunarinnar er gjarnan vísað til þess að af dómaframkvæmd MDE sé ljóst að aðstæður umsækjenda sem einstaklings með alþjóðlega vernd í Grikklandi, að því leyti sem þær lúti að skorti á húsnæði og fjárhagslegum stuðningi frá yfirvöldum, verði ekki taldar til ómannúðlegrar og varnvirðandi meðferðar í skilningi 3. gr. MSE. Þá séu ekki til staðar sérstaklega sannfærandi mannúðarástæður sem mæli gegn endursendingu. Telji stofnunin sýnt fram á að horfur umsækjenda, að því er varðar aðbúnað á Grikklandi eða heilsufar, séu með þeim hætti að raunveruleg hættu geti talist á því að þau mæti erfiðleikum af því alvarleikastigi að falli undir 3. gr. MSE. Þessu mati stofnunarinnar er Rauði krossinn ósammála. Íslensk stjórnvöld hafa ekki sent umsækjendur um alþjóðlega vernd til Grikklands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar síðan í október árið 2010. Var sú ákvörðun að stöðva endursendingar til Grikklands byggð á því að aðbúnaður

Greece, 30. september 2020: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52020SC0307&from=EN>; U.S. Department of State, 2021 *Country Reports on Human Rights Practices, Greece*, 12. apríl 2022; Human Rights Watch, *Greece: Violence Against Asylum Seekers at Border*, 17. mars 2020: <https://www.hrw.org/news/2020/03/17/greece-violence-against-asylum-seekers-border#>; Amnesty International, *Greece 2021*: <https://www.amnesty.org/en/location/europe-and-central-asia/greece/report-greece/>; Human Rights Watch: *Greece – Events of 2021*: <https://www.hrw.org/world-report/2022/country-chapters/greece>; ECRE, *Greece: Deaths and Push-backs Continue, Racist Attack on Hosting Centra for Unaccompanied Children, Camp Conditions Deteriorating*, 8. janúar 2021 [skoðað 24. maí 2022].

⁵⁵ U.S. Department of State, 2021 *Country Reports on Human Rights Practices: Greece*, 12. apríl 2022: https://www.state.gov/wp-content/uploads/2022/02/313615_GREECE-2021-HUMAN-RIGHTS-REPORT.pdf, bls. 1-8 og 15 [skoðað 24. maí 2022].

⁵⁶ U.S. Department of State: 2021 *Country Reports on Human Rights Practices: Greece*, 12. apríl, bls. 15, sjá jafnframt bls. 6 og 21-23.

umsækjenda um alþjóðlega vernd í Grikklandi væri ófullnægjandi.⁵⁷ Árið 2011 féll dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *M.S.S. gegn Belgíu og Grikklandi*⁵⁸ þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þær aðstæður sem kærandi bjó við í Grikklandi hefðu brotið gegn 3. gr. Mannréttinasáttmálans (bann við pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu). Í niðurstöðu dómsins kom fram að 3. gr. skyldaði aðildarríkin almennt ekki til að veita flóttamönnum fjárhagslega aðstoð til að tryggja þeim viðurværi. Aftur á móti taldi dómstóllinn að aðstæður kæranda hefðu verið sérstaklega alvarlegar. Þó grísk löggjöf og löggjöf Evrópusambandsins hefðu lagt yfirvöldum ákveðnar skyldur á herðar í þessu sambandi **hefði kærandi lifað í sárri fátækt og ekki átt þess kost að nærast, ekki notið almenns hreinlætis eða haft þak yfir höfuðið**. Framburður kæranda hvað þetta varðar var studdur skýrslum alþjóðastofnana og þá sér í lagi mannréttindastjóra Evrópuráðsins og Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Grísk yfirvöld voru ekki talin hafa upplýst kæranda um möguleika hans að finna dvalarstað. Skjal þar sem kærandi var upplýstur um skyldu sína til að láta lögreglu vita um heimilisfang sitt gat ekki verið skilið á þann veg að kærandi gæti vænst þess að hann yrði aðstoðaður væri hann heimilislaus en yfirvöldum hefði ekki getað dulist að kærandi væri heimilislaus. Grísk yfirvöld hefðu sjálf viðurkennt að einungis væri pláss fyrir tæplega eitt þúsund hælisleitendur í þeirri aðstöðu sem þau útveguðu, en tugir þúsunda hælisleitenda væru í landinu. Ekki var því fallist á rök grískra yfirvalda um að aðstæður kæranda stöfuðu af tómlæti hans sjálfs. Þeim væri um að kenna að kærandi var settur í þessar slæmu aðstæður í svo langan tíma sem raun bar vitni. Þá bendir Rauði krossinn á nýlegan dóm mannréttindadómstólsins í máli N.H. og fleiri gegn Frakklandi⁵⁹ frá 20. júlí 2020 í málum nr. 28820/13, 75547/13 og 13114/15. Kærendur voru fimm einstæðir karlmenn af mismunandi þjóðernum sem sótt höfðu um alþjóðlega vernd í Frakklandi. Eftir að þeir lögðu fram umsóknir sínar um alþjóðlega vernd fengu þeir hvorki félagslegan né fjárhagslegan stuðning og urðu þar með heimilislausir. Kærendur voru heimilislausir um nokkurra mánaða skeið, höfðu ekki aðgang að hreinlætisaðstöðu, fengu ekki framfærslu og lifðu í stöðugum ótta við að verða fyrir árásum eða ránum. Kærendur héldu því fram að frönsk stjórnvöld hefðu brotið gegn 3. gr. Mannréttinasáttmálans þar sem frönsk stjórnvöld höfðu ekki gert þeim kleift að nýta sér félagslegan og fjárhagslegan stuðning sem þeim var tryggður í frönskum lögum og samkvæmt Evrópurétti til þess að mæta lágmarkspörfum þeirra. Í tilviki þriggja af fjórum kærendum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að franska ríkið hefði brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Niðurstaða dómstólsins var sú að kærendur hefðu orðið fyrir vanvirðandi meðferð og að ekki hefði verið borin virðing fyrir mannlegri reisn þeirra. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkar aðstæður, ásamt ófullnægjandi viðbrögðum frá frönskum stjórnvöldum og þeirri staðreynd að innlendir dómstólar höfðu kerfisbundið mótmælt því að þá skorti viðeigandi aðbúnað á þeim grundvelli að þeir væru einstæðir karlmenn, teldust vera svo alvarlegar að um væri að ræða brot á 3. gr. sáttmálans. Rauði krossinn telur ofangreinda tvo dóma gefa skýrlega til kynna að aðstæður flóttafólks í Grikklandi, sbr. umfjöllun hér að framan, nái þeim alvarleikapröskuldi sem dómstóllinn hefur sett við mat á því hvort brotið sé gegn 3. gr. MSE. Undanfarna mánuði hefur töluverður fjöldi einstaklinga sem hlotið hefur alþjóðlega vernd í Grikklandi komið hingað til lands og sótt um vernd. Nær öllum þeim ber saman um það að aðstæður þeirra í Grikklandi hafi orðið **verri** þegar þeir fengu alþjóðlega vernd og dvalarleyfi í Grikklandi. Á

⁵⁷ Útlendingastofnun, *Endursendingar fólks með alþjóðlega vernd í Grikklandi*, 4. febrúar 2020:

<https://www.utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/frettir/1066-endursendingar-folks-medh-althjodhlega-vernd-i-grikklandi> [skoðað 24. maí 2022].

⁵⁸ Dómur nr. 30696/09 frá 29. janúar 2011.

⁵⁹ sjá: <https://hudoc.echr.coe.int/eng#%7B%22itemid%22:%5B%22001-203295%22%5D%7D>

meðan þeir biðu niðurstöðu í máli sínu hafi þeir notið lágmarksframfærslu frá gríska ríkinu auk þess sem þeir hafi haft heimild til að dvelja í flóttamannabúðum. Hins vegar hafi öll aðstoð stöðvast stuttu eftir að þeim barst tilkynning um að þeim hefði verið veitt alþjóðleg vernd. Eftir það tímamark hafi aðstæður þeirra versnað til muna og þeir hafi jafnvel verið hvattir til þess, af starfsfólki útrendingayfirvalda, að yfirgefa landið og leita betri tækifæra í öðrum Evrópuríkjum þar sem enginn stuðningur stæði þeim til boða í Grikklandi. Rauði krossinn telur lýsingar þeirra ríma í öllum meginatriðum við aðstæður sem uppi voru í málin M.S.S. gegn Belgíu þ.e.a.s. heimilisleysi, örbirgð og ekkert aðgengi að félagslegri aðstoð.

Samkvæmt tölum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, frá því í janúar 2021 er talið að rúmlega 120 þúsund flóttafólk og farendur (e. *refugees and migrants*) hafist nú við í Grikklandi og reyni að koma undir sig fótunum, en þar af dvelja um 100 þúsund á meginlandinu.⁶⁰ Í júní árið 2020 bárust fréttir af því að grísk stjórnvöld hefðu skipað meira en 11.000 flóttafólks að yfirgefa búðir og húsnæði á vegum ríkisins. Þar á meðal voru barnshafandi konur, fatlað fólk og fjölskyldur með börn sem sváfu á götum úti með teppi og pappakassa.⁶¹ Til þessara aðgerða gripu grísk stjórnvöld í miðjum heimsfaraldri, þvert á ráðleggingar sérstaks eftirlitsmann Sameinuðu þjóðanna (*UN Special Rapporteur*).⁶² Í fréttatilkynningu sem samtökin *Læknar án landamæra* sendu frá sér um framangreindar aðgerðir grískra stjórnvalda segir:

We have patients with serious medical conditions who are being abandoned, while women in an advanced stage of pregnancy are sleeping on Victoria Square in central Athen [...]. In the middle of a global pandemic, governments should be protecting and shielding people at high risk of COVID-19, not throwing them out onto the streets and leaving them without protection, shelter or access to basic healthcare.⁶³

Í nóvember 2020 kom út viðamikil og ítarleg skýrsla frá samtökunum *Passerell* um aðstæður viðurkennds flóttafólks í Grikklandi sem ber heitið *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*.⁶⁴ Samandregið voru niðurstöður skýrslunnar eftirfarandi:

These findings make it overwhelmingly clear that the access of beneficiaries of international protection to various social rights and adequate protection is far from guaranteed in Greece. Beneficiaries of international protection, including those who are returned to Greece from other EU Member States face a real and concrete risk of finding themselves in a state of extreme material deprivation which would seriously damage their physical or mental health and would not allow them to meet even their most basic needs – a situation that is incompatible with human dignity and thus capable of amounting to ‘inhuman or degrading treatment’ under international human rights law. Therefore, EU Member States that transfer refugees back to Greece not only expose

⁶⁰ UNHCR: Greece UPDATE No. 13, 8. janúar 2021.

⁶¹ Human Rights Watch: *From Chaos in Moria to Despair in Athens, Greece*, 20. ágúst 2020: <https://www.hrw.org/news/2020/08/20/chaos-moria-despair-athens-greece> [skoðað 24. maí 2022].

⁶² OCHR: *Ban evictions during COVID-19 pandemic, UN expert urges*, 18. ágúst 2020: <https://www.ohchr.org/EN/NewsEvents/Pages/DisplayNews.aspx?NewsID=26170&LangID=E> [skoðað 24. maí 2022].

⁶³ MSF: *Vulnerable refugees evicted and left to sleep on streets*, 13. júlí 2020: <https://www.msf.org/greece-evicts-vulnerable-refugees-leaves-them-streets> [skoðað 24. maí 2022].

⁶⁴ Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020: https://7fbd6c04-47c2-4b9a-859a-d3933d784078.filesusr.com/ugd/837f1b_1f08daaad3ef4606961889a0d7dfbc0b.pdf [skoðað 24. maí 2022].

them to a risk of fundamental rights violations, but also risk committing a violation of these rights themselves.⁶⁵

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur enn ekki fellt dóm í máli þar sem til umfjöllunar hefur verið hvort aðstæður þeirra sem hlotið hafa alþjóðlega vernd í Grikklandi teljist vera brot á 3. gr. sáttmálans en dómur Evrópudómstólsins í málum *Ibrahim og Jawo* hafa hins vegar leitt til þess að dómstólar ýmissa Evrópuríkja hafa úrskurðað að ekki sé óhætt að endursenda einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd til Grikklands þar sem hættu sé á að þar eigi þeir í hættu á fá meðferð sem jafngildi ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Nýlegt dæmi um þetta er frá 21. janúar 2021 en þann dag birti áfrýjunarstjórnsýsludómstóll í Vestfalíu í Þýskalandi dóm sem fjallaði um það hvort heimilt væri að senda eritreskan ríkisborgara sem hlotið hafði alþjóðlega vernd í Grikklandi aftur til Grikklands.⁶⁶ Niðurstaða dómsins var sú að á grundvelli þeirra upplýsinga sem lögju fyrir teldi dómurinn ólíklegt að kæranda yrði mögulegt að útvega sér viðunandi húsnæði og atvinnu í Grikklandi. Að auki var tekið fram að hann hefði ekki aðgengi að opinberri framfærslu og því hefði hann ekki tækifæri til að afla sér lágmarks lífsviðurværis. Þar sem að það væri niðurstaða dómstólsins að kærandi ætti í hættu á að verða fyrir ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð við endursendingu til Grikklands bæri að taka mál hans til skoðunar. Í rökstuðningi dómsins er m.a. vísað til dóms Evrópudómstólsins í máli *Ibrahim og fleiri gegn Þýskalandi*.⁶⁷ Kærunefnd hefur í úrskurðum sínum lýst þeirri afstöðu að rétt sé að hafa hliðsjón af þeim meginreglum sem Evrópudómstóllinn setur fram í dómum sínum að því leyti sem þær eru til skýringar á alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins og eru samhljóma þeim, þó með þeim fyrirvara að dómur Evrópudómstólsins séu ekki bindandi fyrir íslenska ríkið.

Þá hefur hollenska ríkisráðið ítrekað snúið við ákvörðunum innanríkisráðuneytisins og héraðsdómstóla um að synja umsækjendum um efnismeðferð á þeim forsendum að þau hafi þegar hlotið alþjóðlega vernd í Grikklandi. Nýjasta dæmið um það er frá 28. júlí 2021.⁶⁸ Í úrskurðinum vísaði ríkisráðið til upplýsinga sem fram koma í nýjustu AIDA skýrslunni sem fjallað hefur verið um hér að ofan, til að mynda þess stutta tíma sem flóttafólk á rétt á að dvelja í flóttamannabúðum eftir að það fær vernd, ríkisráðið komst að þeirri niðurstöðu að í raun gæti gríska ríkið ekki komið í veg fyrir að flóttafólk lenti í aðstæðum þar sem því væri ómögulegt að uppfylla grunnþarfir sínar.

Íslenska ríkið er bundið af grundvallarreglunni um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (þ.e. non-refoulement) samkvæmt skuldbindingum í alþjóðlegum mannréttindasamningum og eftir viðurkenndum grundvallarreglum þjóðaréttar. Þessi grundvallarregla þjóðaréttar er lögfest formlega í íslenskan rétt í áðurnefndu ákvæði 42. gr. útl. Rauði krossinn telur í ljósi fjölmarga heimilda sem ber saman um óviðunandi aðstæður flóttafólks í Grikklandi, að endursendingar þess til Grikklands feli í sér verulega hættu á því þau verði fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

⁶⁵ Passerell, *Report on the Living Conditions of Beneficiaries of International Protection in Greece – Protection on Paper, Not in Practice*, nóvember 2020, bls. 7. [skoðað 24. maí 2022].

⁶⁶ Dómurinn má nálgast hér: [Oberverwaltungsgericht NRW, 11 A 1564/20.A](#)

⁶⁷ Sameinuð mál nr. C-297/17, C-318/17, C-319/17 and C-438/17, sjá hér: [CURIA - Documents \(europa.eu\)](#)

⁶⁸ Úrskurðina má nálgast hér á hollensku: [Uitspraak 202005934/1/V3 - Raad van State](#) og [Uitspraak 202005934/1/V3 - Raad van State](#) að auki má finna umfjöllun um úrskurðina hér: [ELENA Weekly Legal Update - 23 July 2021 \(mailchi.mp\)](#)